

21. apríl 83 birtist í DV

Sigriður Dúna Kristmundsdóttir

AÐ HLUSTA EFTIR EIGIN RÖDD

Margt hefur verið ritað og rætt síðustu dagana um framboðsmál og má því vera að verið sé að bera í bakkafullan lækinn að stinga niður penna um þessi efni nú. Tvennt knýr mig þó til að gera svo, annars vegar nauðsyn þess að ítreka stefnumið Kvennalistanna í þeim darraðardans sem nú dunar með þvílikum skarkala að varla má greina orðaskil. Hins vegar blöskrar mér svo það virðingarleysi í garð kjósenda sem birtist í yfirstandandi umræðu um málefni lands og þjóðar að ég fæ ekki orða bundist.

Stjórnmálaumræðan

Í ræðu og riti standa framboðsaðilar upp hver um annan þveran og kasta skít í hvern annan, skætingur, útúrsnúningar og hroki virðast vera æðstu lögmál þess sem kallað er kosningabarátta. Það að kynna kjósendum málefni framboðsaðila virðist snúast um það hver kemur besta högginu á hvern í slagnum, hver er rognastur ~~eyxhárxráðastur~~, hver veit allt best og hver getur best haft vit fyrir öðrum. Grein Margrétar Björnsdóttur í Dagblaðinu-Visi 14.apríl síðastliðinn er ágætt dæmi um slikan málflutning, þó engan veginn einstætt því af nógu er að taka.

Hvernig stendur á því að kjósendur láta bjóða sér petta? Málflutningur af þessu tagi er vanvirða við dómgreind og tilfinningar kjósenda. Kjósendur hljóta að eiga heimtingu á því að vikurnar fyrir kosningar kynni framboðsaðilar stefnumið sín málefnalega, en sláist ekki eins og ólmir hundar eða heyji einvigi hver um annan þveran.

Í rauninni ætti að vera algjör þögn um framboðsmál í fjölmíðum allra síðustu dagana fyrir kjördag svo að kjósendur hafi frið til að velta málum fyrir sér og taka afstöðu. Vald fjöldiðla í stjórnmálum hér á landi er mikið - án þess að nokkur kæri sig um að minnast á slikt - og mér finnst það virðingarleysi við skynsemi og rétt kjósenda til að taka sjálfstæða afstöðu að demba yfir þá áróðrinum fram á síðustu stundu. Ákvörðun útvarpsráðs að

halda framboðsfund í sjónvarpssal kvöldið fyrir kjördag er eitt dæmið um síkt virðingarleysi, svo ekki sé minnst á þá ákvörðun ráðsins að útiloka einn framboðsaðilan, Kvennalistann, frá þeiri umræðu fyrst hún á að fara fram. Ákvarðanir útvarpsráðs í þessum efnum eru því dæmigerðar fyrir það virðingarleysi sem kjósendum í landinu er almennt sýnt.

Við Kvennalistakonur höfum ekki hatt okkur út á þann vígvöll sem stjórnsmál hér á landi virðast vera til þess að berast þar á banaspjótum. Við erum komnar út á völlinn vegna þess að okkur eru málefnnin kær og vegna þess að við viljum leggja okkar skerf að mörkum til þess að réttlátara og betra mannlíf megi þífast í þessu landi. Við þykjumst ekki hafa einu sönnu lausnina á öllum málum, við þykjumst ekki vita allt heldur eða vera til þess kjörnar að hafa vit fyrir öðrum. Við höfum ósköp einfaldlega ákveðin sjónarmið fram að færa, sjónarmið sem við trúum að geti nýst til að skapa hér betra og réttlátara samfélag og við höfum vilja og kjark til að vinna að framkvæmd mála á þeim grundvelli.

Stefnumið Kvennalista

Á grundvelli sjónarmiða okkar, sameiginlegrar reynslu allra kvenna, höfum við Kvennalistakonur mótað stefnu í öllum málaflokkum og sett fram í stefnuskrá. Stefna okkar er tvípátt.

Annars vegar leggjum við áherslu á þau mál sem snerta konur og börn í þessu samfélagi sérstaklega. Á Alþingi Íslendinga munum við beita okkur fyrir gagngerðu endurmatri á störfum kvenna, fyrir því að átvinnutækifærum kvenna jafnt sem annarra fækki ekki í kjölfær nýrrar tækni heldur stuðl að því að tækninni verði beitt til þess að stytta vinnutímann almennt. Við munum leggja ríka áherslu á að búa vel að fullorðinsfræðslu sem er mikið hagsmunamál kvenna þar sem konur hafa yfirleitt notið skemmri skólagöngu en karlar. Í því tilliti er endurmenntun fyrir konur ekki hvað síst mikilvæg til að auðvelda konum að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir að uppeldisstörfum heima fyrir lýkur. Við munum beita okkur fyrir því að húsmóðurstörf verði metin sem starfsreynsla þegar út á vinnumarkaðinn er komið og taka lífeyris- og tryggingarmál húsmæðra til gagngerðrar endurskoðunar.

Við munum enn fremur beita okkur fyrir því að komið verði á a.m.k. 6 mánaða fæðingarorlofi fyrir allar konur og að allar sitji þar við sama borð, að séð verði fyrir dagvistarrými fyrir öll börn

pannig að foreldrar geti sjálfir valið hvort þeir hafi börn sín á dagheimilum en ekki ríkið eins og nú er. Við munum beita okkur fyrir því að skóladagur barna á grunnskólastigi verði samfelldur og að almennur aðbúnaður barna og unglings í þessu samfélagi sé sem bestur, því æska þessa lands, börnin okkar, er okkar dýrmætasti fjársjóður, þau verðmæti sem afkoma þessarar þjóðar byggist endanlega á. Við munum á öllum sviðum gæta hagsmunu og réttinda kvenna og barna og reyna með öllu móti að búa pannig í haginn að hver og ein kona hafi raunverulegt val um það hvarnig hún ver starfsævi sinni.

Hinn meginþátturinn í stefnu Kvennalistans er að við ákvarðana-töku í öllum málum verði mannleg verðmæti ávalt lögð til grund-vallar. Ekki gefst hér færi til að reifa alla málaflokka og læt ég mér nægja að taka dæmi af sviði efnahagsmála til að skýra pennan meginþátt stefnu okkar.

Ef við tökum stóriðju sem dæmi þá munum við beita okkur gegn stóriðju vegna þess að stjórfsskilyrði þeirra sem við hana vinna eru ómanneskjuleg, vegna þess að hún eyðileggur og mengar náttúru lands okkar, vegna þess að stóriðju fylgir byggðaleg og félagsleg röskun sem hefur í för með sér ómælda ^amennlega erfið-leika og vegna þess að stóriðja hefur aðeins upp á hlutfallslega fá atvinnutækifæri að bjóða. Stóriðja skilar okkur ekki heldur neinum efnislegum arði, tap álversins á síðasta ári nam 684 milljónum íslenskra króna samkvæmt forstjóra þess fyrirtækis, Ragnari Halldórssyni, svo dæmi sé tekið og varla getur petta talist efnahagslega arðbært. Fyrir utan slikan taprekstur er nær helmingur af erlendum skuldum þjóðarinnar tilkominn sökum stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda og þessi skuldabaggi teflir sjálfstæði þjóðarinnar í tvísýnu. Horfum við fram til þess tíma að handhafar erlenda fjármagns fari með stjórn mála í þessu landi ?

Petta eru ógnvekjandi staðreyndir og á pennan máta viljum við Kvennalistakonur ekki að þjóðarheimilið sé rekið. Við munum þess í stað beita okkur fyrir því að ~~við~~ nýtu^{um} okkar eigin hrá-efni, fisk, landbúnaðarafurðir og annað það sem land okkar gefur af sér, fullvinnu^{um} hér útflutningsvörur okkar, eflu^{um} hér smáiðnað til innanlandsnota og vera sjálfum okkur nógur. Við leggjum til grundvallar stefnu hinnar hagsýnu húsmóður sem lifir sem mest

á eigin framleiðslu, nýtir það sem hún hefur, eyðir ekki um efni fram og reynir af fremsta megni að búa heimilismönnum sínum vistlegt og manneskjulegt heimili.

Að hlusta

Niðurstöður nýlegra skoðanakannana eru ákaflega gleðilegar hvað varðar fylgi Kvennalistans. Við fögnum hverju einasta atkvæði því hvert atkvæði er sigur fyrir málsstað okkar. Það er öllu örðugara fyrir okkur Kvennalistakonur en aðra framboðsaðila að koma málefnum okkar á framfæri því við höfum ekki á bak við okkur neitt fjármagn, flokksmaskínu eða fjölmíðil eins og þeir. Við höfum aðeins okkur sjálfar, vinnusemi okkar, kjark og sannfæringu. Þess vegna er það einstaklega gleðilegt að svona stór hluti kjósenda hafi heyrt raddir okkar í gegnum allan flokksbardaghávaðann og veitt málsstað okkar stuðning.

Ég vona að enn megi nema rödd okkar gegnum skyldmingaglamrið og að þú, kjósandi góður, hafi næði til að hlusta eftir eigin rödd í öllum hávaðanum og ganga úr skugga um hvort þú finnir samhljóm í eigin brjósti.

Sigriður Dúna Kristmundsdóttir